

## REGLUGERÐ

### um starfsemi lyfjabúðar Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

Lyfjabúð Háskóla Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu Háskóla Íslands, er tók við rekstri Reykjavíkur Apóteks 1. september 1982.

#### 2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er að reka lyfjabúð til kennslu og rannsókna í lyfjafræði lyfsala, framleiðsla lyfja og stuðla að framförum í lyfjafræði (pharmaciae) og lyfjagerð.

Stofnunin skal árlega verja eigi lægri fjárhæð en næmi samanlögðum tekju- og eignaskatti, auk aðstöðugjalds, til þess að hún verði færari um að gegna hlutverki sínu skv. 1. mgr. eftir nánari ákvörðun stjórnar stofnunarinnar sbr. 3. gr.

Um lyfjabúð Háskóla Íslands fer að öðru leyti á sama hátt og um aðrar lyfjabúðir, hvað varðar búnað og rekstur sem og aðrar kröfur sem í gildi eru eða settar kunna að verða.

#### 3. gr.

Í stjórn stofnunarinnar sitja fimm menn, prófessor í lyfjafræði lyfsala, lyfjafræðingur úr hópi starfsfólks og tveir menn kosnir af háskólaráði til 2 ára í senn, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra tilnefnið fimmta manninn og skal hann vera lyfjafræðingur.

Forstöðumaður lyfjabúðarinnar eða stagengill hans, situr stjórnarfundum og hefur tillögurétt á stjórnarfundum en ekki atkvæðisrétt.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Háskólaráð kýs tvo endurskoðendur til 2 ára. Að öðru leyti annast ríkisendurskoðun, lögum samkvæmt, endurskoðun reikninga lyfjabúðar Háskóla Íslands.

Stjórnin ræður starfslið, tekur ákvarðanir um rekstur lyfjabúðarinnar og setur fyrirtækinu starfsreglur, sem háskólaráð staðfestir.

Heimilt er stjórninni með samþykkt háskólaráðs að ráðstafa hluta af arði til fjárframlaga í verðlaunasjóð Alfred Benzon, sbr. staðfesta stofnskrá.

#### 4. gr.

Allar meiri háttar fjárfestingar eru háðar samþykki háskólaráðs.

Ársreikningar stofnunarinnar skulu bornir upp árlega í háskólaráði til samþykktar.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum 3. gr. laga um lyfjadreifingu nr. 76/1982, öðlast gildi 1. júlí 1983. Jafnframt fellur þá úr gildi reglugerð nr. 200 12. apríl 1983 um sama efni.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. maí 1983.*

**Svavar Gestsson.**

*Jón Ingimarsson.*